

2020

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 56/1991. **Tölvuverslun Reykjavíkur hf.**

gegn

Ístel hf.,

Íslandsbanka hf.,

Íspan hf.,

Endurskoðun hf.,

Húsasmiðjunni hf.,

Sandi hf.,

Trésmiðju Björns Ólafssonar hf.,

Eimskipafélagi Íslands hf.,

Sverri Kristjánssyni,

Ósi hf. steypuverksmiðju,

Búnaðarbanka Íslands,

Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar,

Landsbanka Íslands og

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Áfrýjað er nauðungaruppboði á fasteigninni Hátúni 4, Bessa-
staðahreppi, sem fram fór 18. október 1990. Áfrýjandi skaut máli
þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1990,
en það mál var ekki þingfest vegna útivistar áfrýjanda. Málið var
höfðað að nýju með stefnu 4. febrúar 1991. Málið var þingfest 8.
apríl sl., og fékk áfrýjandi þá frest til októbermánaðar. Að ósk
áfrýjanda var málinu þá frestað til nóvember og þá enn til reglulegs
þingdags 2. desember. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýj-
andi eftir fresti til 8. janúar 1992 til ágrípsgerðar.

Af hálfu stefndu Íslandsbanka hf., Trésmiðju Björns Ólafssonar
hf., Búnaðarbanka Íslands og Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar og Fram-
sóknar hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að mál-
inu verði vísað frá Hæstarétti. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir
Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu, sem þing sóttu 2. desember sl., var

umbeðinn frestur samþykktur.

Mótmæli sín styðja stefndu Íslandsbanki hf., Trésmiðja Björns Ólafssonar hf., Búnaðarbanki Íslands og Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar þeim rökum, að áfrýjandi hafi haft nægan tíma til að búa mál sitt til flutnings.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að sökum misskilnings hafi dómsgerðir í málinu ekki verið pantaðar fyrir en 29. nóvember sl.

Hinn 2. desember sl. voru liðnir rúmir 12 mánuðir, frá því að máli þessu var upphaflega áfrýjað til Hæstaréttar. Hefur áfrýjandi ekki nýtt sér þennan frest til að búa málið til flutnings fyrir Hæstarétti. Þykja ekki efni til að veita frekari frest í málinu. Ber því að synja frestbeiðni áfrýjanda og vísa málinu frá Hæstarétti.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Tölvuverslun Reykjavíkur hf., greiði stefndu Íslandsbanka hf., Trésmiðju Björns Ólafssonar hf., Búnaðarbanka Íslands og Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar 12.000 krónur hverjum í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.